

Opinbera deildin

Ágætu félagar!

Að venju verður á þessum aðalfundi farið yfir það helsta sem gerst hefur á liðnu starfsári. Haldnir hafa verið fjórir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 17. febrúar 2016.

Ýmis mál hafa verið rædd á fundunum, m.a. um kjarasamninga, starfsmatið, kjara- og viðhorfskönnun félagsins, stofnanasamninga, kerfið Vinnustund sem notað er hjá Akureryrabæ og vinnustaðafundi.

Gengið var frá stofnanasamningum sem félagið er með á starfsárinu sem allir þýddu launahækkanir fyrir okkar félagsmenn sem starfa hjá viðkomandi stofnun. Í síðasta samningi við ríkið var ákvæði um að endurskoða stofnanasamninga sérstaklega hjá stofnunum þar sem sameiningar eru í gangi eins og t.d. Heilbrigðisstofnun Norðurlands en þar eru sjúkrastofnanir á Húsavík, Siglufirði, Sauðárkróki og á Blönduósi.

Á stjórnarfundum í apríl var farið yfir vinnu í sambandi við starfsmatið sem var í gangi hjá hinum ýmsu hópum hjá sveitarfélögum. Haldnir voru fjölmargir fundir þar sem farið var yfir hvar viðkomandi hópar eru staðsettir í því og skoðað hvort hægt væri að óska eftir endurmati. Fulltrúar hinna ýmsu hópa fóru yfir málin. Nokkrir hópar eru búnir að skila inn og fá niðurstöður sem allar voru jákvæðar og nokkrir hópar eru búnir að skila inn beiðni og bíða niðurstöðu. Þetta er mikil vinna en í flestum tilfellum borgar hún sig, gæti gefið launahækkanir í einhverjum tilfellum og einnig komið góð starfslýsing úr þessari vinnu.

Mikil óánægja hefur verið með tímaskráningarkerfið Vinnustund sem Akureyrarbær er með. Af því tilefni var haldinn fundur með trúnaðarmönnum um kerfið sl. haust þar sem ýmislegt fróðlegt kom fram um kerfið. Eftir þann fund fóru Hafdís og Björn og hittu þá sem sjá um tímakerfið hjá bænum. Þar kom fram að sumt hefur ekki verið túlkað rétt en mikilvægt er að bæði starfsmenn og yfirmenn vandi sig við að skrá í kerfið. Einnig þarf að hafa það á hreinu upp á hvaða starfshlutfall starfsmaður er ráðinn.

Í maí í fyrra hélt félagið námskeiðið "Að starfa í stjórn stéttarféлага." Guðmundur Hilmarsson, frá Félagsmálaskóla alþýðu, fór þar yfir ýmis hagnýt atriði sem gott er að hafa í huga fyrir stjórnarmenn. Námskeiðið sátu stjórnarmenn í aðalstjórn félagsins og deildarstjórnunum þremur ásamt starfsmönnum stjórnanna. Námskeiðið sem stóð yfir í sex tíma tókst mjög vel, en á því var m.a. farið yfir hlutverk forystu, boðun og stjórnun funda, samskipti, þá ábyrgð sem flest í því að gefa kost á sér í trúnaðarstörf fyrir félögin og margt fleira.

Í lok október fór fram 42. þing Alþýðusambandsins, á 100 ára afmælisári þess. Þingið, sem bar yfirskriftina Samstaða í 100 ár - sókn til nýrra sigra! stóð yfir í þrjá daga og var haldið á Hilton Reykjavík Nordica. Seturétt á þinginu áttu alls 292 þingfulltrúar, auk þess áttu níu fulltrúar ASÍ-UNG seturétt á þinginu. 115 þingfulltrúar komu frá félögum innan Starfsgreinasambandsins, þar af 11 frá Einingu-Iðju. Félagið átti jafnframt einn fulltrúa sem sat þingið fyrir hönd ASÍ-UNG.

Á fundi 9. janúar sl. var aðalfundur deildarinnar skipulagður og listi með tillögu af fulltrúum í trúnaðarráð lagður fram.

Deildin á alls 32 fulltrúa næsta starfsár, 29 koma frá Akureyri, tveir frá Fjallabyggð og einn frá Dalvík. Vel gekk að fá fólk til að sitja í trúnaðarráði fyrir hönd deildarinnar.

12. janúar sl. fóru sjö trúnaðarmenn úr deildinni til Reykjavíkur og sátu þar ráðstefnu sem Starfsgreinasambandið stóð fyrir um vaktavinnu og hlutastörf. Fjölmörgum spurningum var velt upp á ráðstefnunni, eins og Hvað getur starfsfólk gert til að draga úr streitu í vaktavinnu? Getur fólk valið að vinna fulla vinnu eða eru hlutastörf dulbúin kjaraskerðing? Hvernig eru kynjahlutföll meðal starfsfólks með óhefðbundinn vinnutíma? Hefur óhefðbundinn vinnutími áhrif á heilsu starfsfólks og þá hvernig? Dagskráin var blanda af reynslusögum starfsfólks, fram fór kynning á niðurstöðum nýlegra rannsókna og umfjöllun sérfræðinga um hvernig draga megji úr neikvæðum áhrifum óhefðbundins vinnutíma. Glærur af þessum fundi má sjá á heimasíðu félagsins.

Fimmtudaginn 23. febrúar nk. kl. 20:00 býður deildin upp á fyrirlestur þar sem fjallað verður um áhrif vaktavinnu á heilsu, fjölskyldu- og félagsslíf, og skipulagningu vaktavinnu út frá vinnuverndarsjónarmiði. Fyrirlesari verður Helga Guðrún Erlingsdóttir, Hjúkrunarforstjóri Öldrunarheimila Akureyrar. Fyrirlesturinn sem verður haldinn í salnum á 4. hæð Alþýðuhússins á Akureyri er fyrir alla félagsmenn Einingar-Iðju sem áhuga hafa á þessum málum. Ég hvet alla sem áhuga hafa á þessu málefni að mæta og verið dugleg að láta vinnufélagana vita.

Í janúar fór ég ásamt Birni formanni og Önnu varaformanni félagsins sem fulltrúar félagsins í ferð með Starfsgreinasambandinu um Noreg og Danmörku til að kynna okkur kjarasamningsgerð og uppbyggingu

verkalýðshreyfingarinnar þar í löndum. M.a. fengum við fræðslu um kjarasamningagerð, vinnulag, laun og önnur réttindi starfsfólks á danska vinnumarkaðinu. Þá var farið sérstaklega yfir muninn á Norðurlöndunum varðandi kaup og kjör. Ljóst er að ferðin var árangursrík og komum við betur undirbúin heim undir umræður um framtíðarskipan kjarasamningsmála á Íslandi.

Fjöldmargir fundir fóru fram á starfsárinu um allt félagssvæðið. Í janúar voru m.a. haldnir fimm fundir á jafnmörgum stöðum þar sem m.a. voru kynntar fyrirhugaðar breytingar á lögum félagsins.

Aðalstjórn félagsins ákvað að framkvæma aftur sambærilega kjara- og viðhorfskönnun og framkvæmd hefur verið ár hvert frá árinu 2011.

Í könnuninni var m.a. spurt út í þjónustu félagsins og er útkoman ánægjuleg fyrir okkur. 60,6% sögðust hafa nýtt sér einhverja þjónustu hjá félaginu undanfarna 12 mánuði. Rúmlega 95,5% merktu við ánægður eða hvorki né er spurt var hversu ánægður eða óánægður ertu með þjónustu Einingar-Iðju þegar á heildina væri litið. Þetta eru ívið betri niðurstöður en síðustu ár.

Í könnuninni voru nokkrar spurningar í sambandi við launaseðilinn, m.a. var spurt hvort viðkomandi skoðaði hann. 11,4% sögðu stundum og 12,7% sögðu sjaldan eða aldrei. Einnig var spurt um hvort viðkomandi skildi launaseðilinn sinn. 81,7% sögðust skilja hann vel en 7,2% ílla. Helst var það yngra fólkið sem skilur hann ílla og eins þeir sem starfa í veitingageiranum.

Niðurstöður könnunarinnar í heild má finna á heimasíðu félagsins.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldin mörg námskeið, þ.á.m. eru dyravarðanámskeið, trúnaðarmannanámskeið, smurbrauðsnámskeið og konfektnámskeið. Fjölmörg önnur námskeið voru auglýst en ekki tókst að fá lágmarkfjölda á þau.

Ef einhverjir eru með hugmyndir að námskeiðum sem þeir hafa áhuga á, er um að gera að koma því á framfæri við Önnu varaformann félagsins.

Ég vil minna á að félagsmenn geta hvenær sem er haft samband við ráðgjafana í SÍMEY og fengið hjá þeim ókeypis ráðgjöf.

Stjórn deildarinnar var þannig skipuð fyrir síðasta starfsár:

Formaður	Sigríður K. Bjarkadóttir	Lundarskóli
Varaformaður	Elísabet Skarphéðinsdóttir	Hrafnagilsskóli
Ritari	Hanna Dóra Ingadóttir	Leikskólinn Álfaborg
Meðstjórnendur	Hildur Ingvarsdóttir	Sambylið Snægili
	Ásrún Karlsdóttir	Frekari liðveisla
	Guðrún Lárusdóttir	Dalvíkurskóli
	Halldór Ari Brynjólfsson	Framkvæmdamiðstöð
	Hrönn Vignisdóttir	Sjúkrahúsið á Akureyri
	Hildur Arna Grétarsdóttir	Lögmannshlið

Fyrir næsta starfsár verða eftirfarandi í stjórn til eins árs:

Varaformaður	Elísabet Skarphéðinsdóttir	Hrafnagilsskóli
Meðstjórnendur	Halldór Ari Brynjólfsson	Framkvæmdamiðstöð
	Hrönn Vignisdóttir	Sjúkrahúsið á Akureyri
	Guðrún Lárusdóttir	Dalvíkurskóla

Í ár verður kosið til tveggja ára um formann, ritara og þrjá meðstjórnendur.

Fyrir næsta starfsár gefa eftirtaldir kost á sér í stjórn til tveggja ára.

Formaður	Sigríður K. Bjarkadóttir	Lundarskóli
Ritari	Hildur Ingvarsdóttir	Sambýlið Snægili
Meðstjórnendur	Ásrún Karlsdóttir	Frekari liðveisla
	Anna Dóra Gunnarsdóttir	Leiksk.Álfasteini
	Sigurbjörg Ingvadóttir	Hjúkrunarh. Hlíð

Ég vil minna fólk á að orlofsblaðið kemur út 8. mars nk. Í sumar verður boðið upp á mikið úrval sumarhúsa eins og undanfarin ár.

Áfram verður boðið upp á Viku að eigin vali. Styrkurinn í ár verður kr. 22.000 sem er hækkun um kr. 2.000. Sami fjöldi styrkja verða í boði fyrir félagsmenn og í fyrra, eða 270 styrkir. Sækja þarf um styrkinn eins og orlofshúsin, þ.e. fyrir 1. apríl nk.

Vert er að minna á að skráning stendur yfir í tvær af þremur orlofsferðum sem félagið býður upp á í ár. Skráningar hafa ferð vel af stað og því er ekki eftir neinu að bíða með að skrá sig fyrir þá sem hug hafa á að fara með, því bæði er um að ræða lágmarks- og hámarksfjölda í ferðirnar. Farið verður til Þýskalands og Lúxemborg í byrjun júní og fjallaferðin verður um miðjan ágúst, en þá verður farið í Kverkfjöll, Dreka, Öskju, Holuhraun og Herðubreiðarlindir.

Á skrifstofum félagsins verður áfram boðið upp á útilegu- og veiðikort á niðurgreiddu verði, ásamt gistimiðum á Keahótelin, Fosshótelin og Edduhótelin.

Ég vil minna á heimasíðu félagsinsm, www.ein.is, þar sem má m.a. nálgast gagnlegar upplýsingar um félagið, kjaramál, fræðslumál og réttindi launafólks. Síðan er vel virk og vel sótt

af félagsmönnum og öðrum. Hægt er að skrá sig á póstlista á síðunni og fá þannig nýjustu fréttir sem á hana koma beint í æð.

Nýlega stofnaði félagið síðu á Facebook svo þið megið alveg endilega gefa okkur eins og eitt like á þá síðu og svo er um að gera að deila henni svo fleiri félagsmenn viti af henni.

Ég minni líka á félagavefinn okkar, sem veitir félagsmönnum möguleika á að skoða iðgjaldasögu sína, punktstöðu og punktásögu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja ásamt úthlutunarsögu vegna orlofshúsa. Einnig er þar hægt að skoða upplýsingar um stöðu orlofshúsa, sækja um, bóka og greiða fyrir orlofshús með greiðslukorti.

Að síðustu vil ég þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og viðkynningu, sérstaklega öðrum stjórnarmönnum deildarinnar og starfsmönnum Einingar-Iðju. Jafnframt þakka ég Hönnu Dóru Ingadóttur og Hildi Örnunni Grétarsdóttur, sem nú láta af stjórnarstörfum, fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Að lokum þakka ég Birni Snæbjörnssyni, starfsmanni deildarinnar fyrir gott samstarf á árinu.